

Nr. 1260

20. desember 2012

REGLUGERÐ

**um innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 169/2009 frá 26. febrúar 2009
um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum,
vegum og skipengum vatnaleiðum.**

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2010 frá 10. desember 2010 gildir eftirtalin EB-gerð hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins nr. 169/2009 frá 26. febrúar 2009 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga á járnbrautum, vegum og skipengum vatnaleiðum.

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 169/2009 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 40/2011, 14. júlí 2011, bls. 93.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 17/2011, 31. mars 2011, bls. 6.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 815/2006 um innleiðingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1017/68 frá 19. júlí 1968 um að beita samkeppnisreglum gagnvart flutningum á járnbrautum, vegum og skipengum vatnaleiðum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. desember 2012.

F. h. r.

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2013